

GMR Endurvinnslan ehf
Tangavegi 7,
301 Akranes



Reykjavík 21. október 2015
UST201508-135/E.D.K.
08.14.02

Áætlun um úrbætur móttækin og samþykkt

Umhverfisstofnun vísar í bréf, dags. 24. september 2015 þar sem Umhverfisstofnun veitti GMR Endurvinnslunni ehf. áminningu vegna þriggja frávíka frá starfsleyfi. Umhverfisstofnun hafa borist nú borist upplýsingar um áætlanir rekstraraðila til úrbóta.

Frávikin eru eftirfarandi:

- Frávik frá greinum 2.1 og 2.2 í starfsleyfi þar sem að efni sem ekki hentar til vinnslu er í stórum haugum á lóð GMR endurvinnslu. Hráefni skal vera ómálað og að mestu laust við plast, olíu, sand gúmmí, sölt og önnur efni sem geta valdið mengun. Í grein 2.2 í starfsleyfi er einnig kveðið á um að frágangur á lóð skuli vera snyrtilegur.

Í áður innkominni úrbótaáætlun rekstraraðila frá 15. september sl. kemur fram að ákveðið hefur verið að leigja pressu til að þjappa efninu saman í bagga sem svo verða geymdir innanhúss. Böggun verði lokið í lok desember. Í eftirliti, sem fram fór 13. október sl., kom fram að efnið verði flokkað fyrir böggun og efni sem er ekki hæft til vinnslu verði flutt burt. **Umhverfisstofnun samþykkir þetta fyrirkomulag og veitir rekstraraðila frest til 20. janúar 2016 til að ljúka við að fjarlægja það efni sem ekki hentar til vinnslunnar og koma því í lögbundinn farveg, þ.e. förgun eða aðra endurvinnlu. Umhverfisstofnun ítrekar mikilvægi þess að vandað sé til verka við flokkunina og þeim efnunum sem flokkuð eru frá sem ekki hæf til vinnslu sé fundinn viðeigandi farvegur. Þá minnir Umhverfisstofnun á möguleikann á fyrirvaralausum eftirliti.** Umhverfisstofnun vekur aftur athygli á að sú staðreynd að óhreint hráefni hafi ítrekað verið til staðar á rekstrarsvæði geti verið tilefni til endurskoðunar á tíðni útblástursmælinga og mögulega tilefni til símælinga, en stofnunin mun tilkynna um slíkt með sértöku erindi.

- Frávik frá 2.14. Hávaðamælingar sem gerðar voru í verksmiðjunni í desember 2014 eru yfir mörkum í reglugerð 724/2008 um hávaða. Við lóðarmörk mældist hávaðinn 74 dB(A).

Í bréfi Umhverfisstofnunar frá 24. september sl. fór Umhverfisstofnun fram á að virkni þeirra úrbóta sem rekstraraðili hefur framkvæmt til að draga úr hávaða yrði staðfest með mælingu. Í eftirliti, sem fram fór 13. október sl., kom fram að hávaðamæling verði framkvæmd í desember. **Umhverfisstofnun samþykkir þessa ráðstöfun og veitir rekstraraðila frest til 20. janúar 2016 til að skila inn niðurstöðum hávaðamælinga.**


- Frávik frá grein 2.13. Framleiðsluúrgangi er safnað upp á lóðinni og hefur ekki verið fundinn viðunandi farvegur. Um er að ræða m.a. síuryk frá hreinsivirki, síupoka frá hreinsivirki, múrefni, gjall, rafskautaleifar og fóðringarefni (pyrostop og ankertun). Umhverfisstofnun hefur ekki borist staðfesting á að bætt hafi verið úr þessu frávikum.


Í bréfi Umhverfisstofnunar, dags. 24. september sl., vakti Umhverfisstofnun athygli á því að urðun framleiðsluúrgangs hér á landi væri tilefni til tilkynningar til Skipulagsstofnunar um breytingar á starfssemi. Samkvæmt því sem fram kom í eftirliti 13. október sl. þá hefur rekstraraðili nú sent tilkynningu til Skipulagsstofnunar og var það bréf dags. 8. október sl. skv. upplýsingum frá fulltrúa rekstraraðila í tölvupósti sem barst 21. október. Einnig barst Umhverfisstofnun bréf frá rekstraraðila, dags. 15. október sl., þar sem fram kemur að útflutningur síuryks til Noregs er kominn í farveg. Áætlað er að senda út einn gám af síuryki í október, sem svo verður prófaður af viðtökuaðila í Noregi. Í framhaldi af niðurstöðu þeirra prófana verður hægt að gera frekari áætlun um útflutning, áætlað er að þetta liggi allt fyrir í janúar. **Umhverfisstofnun samþykkir þessa áætlun og veitir rekstraraðila frest til 20. janúar 2016 til að framleiðsluúrgangi í löglegan farveg.**

Umhverfisstofnun vekur athygli á tveimur öðrum útistandandi frávikum hjá rekstraraðila sem eru þegar með samþykktan úrbótafrest. Annað frávikið snýr að útblástursmælingum frá reykháfi, rekstraraðila hefur verið veittur frestur til 27. október til að skila niðurstöðum mælinga. Hitt frávikið snýr að ófullnægjandi afsogi og rykhreinsun í verksmiðju rekstraraðila. Í því máli var rekstraraðila veittur úrbótafrestur til 7. desember nk. og álagningu dagsekta einnig frestað til sömu dagsetningar, sbr. bréf Umhverfisstofnunar dags. 25. september 2015.

Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila úrbótafrest til 20. janúar 2016 vegna ofangreindra þriggja frávika. Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa samband við Evu Dögg Kristjánsdóttur í síma 591-2000 eða með tölvupósti á eva.kristjansdottir@ust.is. Áætlun og/eða gögnum skal skila í pósti til Umhverfisstofnunar eða á netfangið ust@ust.is

Virðingarfyllt


Sigríður Kristjánsdóttir
sviðsstjóri


Eva Dögg Kristjánsdóttir
sérfræðingur